
Krýsuvíkurvegur um Vatnsskarð, Grindavíkurbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 17. apríl 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða lagfæringu á Krýsuvíkurvegi um Vatnsskarð, Grindavíkurbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Krýsuvíkurvegur um Vatnsskarð í Grindavíkurbæ. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin, apríl 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 14. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvupósti dags. 21. maí 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 7. maí 2019.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 15. maí 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. maí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. maí 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að leggja bundið slitlag á 1,5 km kafla Krýsuvíkurvegar. Fyrirhugað er að endurbæta veginn svo hann sé í samræmi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Framkvæmdakaflinn hefjist við tengingu að Vatnsskarðsnámu og endi við Blesaföt sunnan Vatnsskarðs. Svæðið er innan verndarsvæðis Reykjanesfólkvangs. Hæðarlega vegarins verður löguð en hvergi verður vikið frá núverandi vegstæði vegarins, færa þarf vegamót Vigdísarvallarvegar vegna krafna um sjónlengdir á vegamótum lengra frá brekkurótum Vatnsskarðs..

Fram kemur að núverandi Krýsuvíkurvegur sé 26,6 km langur og hafi verið lagt bundið slitlag á allan veginn að undanskildum áætluðum framkvæmdarkafla. Vegurinn flokkast undir tengiveg og er af hönnunartegund C7, hann liggur um lítt gróið eða mosagróið hraun á kafla og er mjög brattur beggja vegna Vatnsskarðs með allt að 16 % halla þar sem brattast er. Veglagningin raskar hrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúrverndarlaga ásamt því að hann liggur eins og áður sagði um Reykjanesfólkvang sem er friðlýstur. Fram kemur að vegurinn er 6 m á breidd í núverandi ástandi en eftir framkvæmdirnar verði hann 6,5 m á breidd án fláa. Áætlað er að laga hæðarlegu vegarins til að draga úr bratta og verði það gert með því að hækka veginn allt að 4 metrum á stuttum köflum og lækkaður allt að 3 metrum á stuttum köflum. Hönnunarhraði vegarins verður 70 km/klst.



Einnig þarf að færa vegamót Vigdísarvallarvegur um 110 metra norður til að bæta öryggisskilyrði vegarins og verður Vigdísarvallarvegur endurlagður á um 200 metra kafla.

Áætlað efnismagn fyrir framkvæmdina er um 25.000 m³ og verði sótt í nærliggjandi námur.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Gróðurannsókn vegna mats á umhverfisáhrifum Vatnsskarðsnámu var notuð þar sem áætlað framkvæmdasvæði liggur innan marka þess mats og samkvæmt þeirri rannsókn hafi ekki fundist sjaldgæfar gróðurtegundir við vegsvæði og innan hraunlendisins hafi ekki fundist vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi en rask verður á gróðri á um 1 ha svæði.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í norðurjaðri virka gosbeltisins á Reykjanesskaga. Gert er ráð fyrir veglagningu á kafla í gegnum eldhraun en í Vatnsskarði er móberg. Fram kemur að um 0,3 ha af eldhrauni sem fellur undir 61. gr náttúruverndarlaga muni raskast en forðast ber að raska slíku hrauni nema brýna nauðsyn beri til.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að umgengi um hraunið sem ætlað er að raska vegna nýrrar vegtengingar sé þess eðlis að tengingin muni ekki hafa veruleg umhverfisáhrif.

Endurbæturnar eru í núverandi vegstæði og því munu áhrif á ásýnd og landslag verða takmörkuð. Vegurinn mun þó vera aðeins hærrí og skeringar breiðari á stöku stað. Svæðið sem framkvæmdin er á hefur lágt verndargildi og við hlið þess er Vatnsskarðsnáma sem er umfangsmikið efnistökusvæði.

Umhverfisstofnun telur að til að draga úr sjónrænum áhrifum vegna framkvæmdarinnar þurfi að ganga frá skeringum í samræmi við nálægt land og afmá núverandi vegtengingu Vigdísarvallavegar.

Fram kemur í svari Vegagerðarinnar að reynt verði að aðlaga skeringar að nálægu landi og að farið verði eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar varðandi frágang á núverandi vegtengingu Vigdísarvallarvegur.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkur samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs. Jafnframt starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Krýsuvíkurvegi á um 1,5 km kafla ásamt því að vegtenging við hliðarveg verður færð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni mun umfangslítið svæði raskast, þar sem ljóst er að ekki verður vikið útaf núverandi vegstæði en gert er ráð fyrir auknum skeringum í kjölfar breyttrar hæðarlegu vegarins á hluta framkvæmdarsvæðis. Umfangsmesta raskið verður vegna færslu á vegtengingu Vigdísarvallarvegur.

Um er að ræða framkvæmdir innan Reykjanessfólksvangs sem er friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum auk þess sem raskað verður eldhrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. áðurnefndra laga. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að þar sem eldhraunið er nú þegar raskað munu ekki verða neikvæð áhrif af veglagningunni á það. Að öðru leiti mun rask vegna framkvæmdarinnar takmarkast við jarðmyndanir og vistgerðir sem eru við vegstæði. Umhverfisstofnun telur að hægt sé að draga úr sjónrænum áhrifum með því að afmá núverandi vegtengingu við Vigdísarvallarveg, Skipulagsstofnun tekur undir það og framkvæmdaraðili einnig.

Að lokum þarf við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum og afturkræfni þeirra sbr. tölulið 3 í 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða tiltölulega umfangslitla framkvæmd en áhrif hennar munu einna helst felast í raski á eldhrauni á stuttum kafla. Áhrifin verða varanleg en hægt verður að draga úr áhrifum með þeim mótvægisáðgerðum sem bent hefur verið á og framkvæmdaraðili hefur tekið undir. Í ljósi staðsetningar fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis innan friðlýsts svæðis leggur Skipulagsstofnun sérstaka áherslu á vandað verklag við frágang.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2019.

Reykjavík, 6. júní 2019.

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson